

Ed.

899. Frumvarp til laga

[312. mál]

um sjóefnavinnslu á Reykjanesi.

(Eftir 2. umr. í Ed., 18. maí.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt með hliðsjón af lögum nr. 47/1976, um undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi, að beita sér fyrir stofnun hlutafélags er reisi og reki sjóefnavinnslu á Reykjanesi til vinnslu á saltefnum og öðrum efnum, sem til falla við þá vinnslu.

Heiti hlutafélagsins verði Sjóefnavinnslan h.f. Málefni Sjóefnavinnslunnar h.f. heyra undir iðnaðarráðherra.

2. gr.

Ríkisstjórnin skal kveðja Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. svo og aðra aðila, sem áhuga hafa á málinu, til samvinnu um stofnun og starfrækslu hlutafélags skv. 1. gr.

Nú tekst ekki að afla meiri hluta hlutafjár á almennum markaði innanlands og leggur þá ríkisstjórnin til meiri hluta hlutafjár í félaginu.

Hlutafé félagsins skal vera a. m. k. 25% af áætluðum stofnkostnaði verksmiðjunnar.

3. gr.

Hlutafélaginu er heimilt að hefja undirbúning að framleiðslu á natríumklórati til útflutnings. Til samvinnu um þann undirbúning er því heimilt að kveðja aðila, sem áhuga hafa á slíkri vinnslu.

4. gr.

Iðnaðarráðherra getur heimilað hlutafélaginu að reisa og reka raforkuver allt að 10 MW að stærð, í tengslum við starfrækslu fyrirtækisins.

5. gr.

Vegna stofnunar hlutafélagsins er ríkisstjórninni heimilt:

1. Að leggja fram allt að 45 milljónum kr. af fé ríkissjóðs sem hlutafé í nefndu hlutafélagi og taka lán í þessu skyni. Framangreind upphæð miðast við lánskjaravísitölu 1. apríl 1981 og breytist í samræmi við hana.
2. Að veita ríkisábyrgð fyrir lánnum eða taka lán, er hlutafélaginu verði veitt til byggingar verksmiðjunnar, að fjárhæð allt að 105 millj. kr., eða jafnvirði þess í erlendri mynt.
3. Að fella niður aðflutnings- og sölugjöld af vélum, tækjum og varahlutum til verksmiðjunnar. Fjármálaráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og aðra þætti er varða aðflutnings- og sölugjöld af efni og aðföngum til verksmiðjunnar.
4. Að greiða lán, sem Undirbúningsfélag saltverksmiðju á Reykjanesi h.f. hefur tekið vegna kostnaðar við rannsóknir á undanförunum árum. Yfirtaka ríkissjóðs á þeim skuldum skal ekki hafa áhrif á mat hlutabréfa skv. 6. gr. Fjármálaráðherra fer með framkvæmd þessarar greinar.

6. gr.

Slíta má Undirbúningsfélagi saltverksmiðju á Reykjanesi h.f., sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 47/1976, með þeim hætti að sameina það Sjóefnavinnslunni h.f. og má ákveða að hluthafar Undirbúningsfélagsins skipti á hlutabréfum sínum í því félagi og jafngildi þeirra í hlutabréfum í Sjóefnavinnslunni h.f.

7. gr.

Heimilt er að undanþiggja hlutabréf í félaginu stimpilgjaldi.

8. gr.

Fulltrúa ríkissjóðs á aðalfundi og öðrum hluthafafundum í hlutafélagi skv. 1. gr. skipa iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu.

Fulltrúar í stjórn hlutafélagsins skulu kjörnir á aðalfundi nema fulltrúar ríkisins, sem skulu skipaðir af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, svo og varamenn þeirra. Verði um meirihlutaaðild ríkisins að ræða í félaginu skipar iðnaðarráðherra formann stjórnar.

9. gr.

Hlutafélagið skal gera þær varúðarráðstafanir, sem við verður komið til að varna tjóni á umhverfinu við framkvæmdir og verksmiðjurekstur á þess vegum, og fylgja í hvívetna lögum um náttúruvernd, mengunarvarnir, öryggi og hollustu-hætti á vinnustað, svo og reglum sem settar eru samkvæmt þeim.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ekki er heimilt að hefja byggingu 40 þús. tonna saltverksmiðju né veita ríkis-ábyrgð fyrir lánnum eða taka lán skv. 2. tölulið 5. gr. í því skyni fyrr en tilboða hefur verið aflað í sölu afurða.